

Gæðauppgjör 2022




Sjúkrahúsið Vogur

Þjónusta á sjúkrahúsinu Vogu


Á sjúkrahúsinu Vogu fer fram afeitrun, greining og meðferð. Á árinu 2022 setti Covid-19 heimsfaraldurinn enn talsverðan svip á starfsemi sjúkrahússins Vogs. Til að mynda varð, í fyrsta skipti í rúmlega í fjörutíu ár, að loka sjúkrahúsinu í eina viku vegna hópsýkingar Covid-19 í byrjun janúar 2022. Eftir þann samdrátt sem varð í innlögnum á mestu Covid árunum 2020 og 2021 vegna samkomutakmarkana og íþyngjandi sóttvarnaraðgerða var fjöldi einstaklinga sem biðu eftir innlögn komin yfir 700 í árslok 2021. Þrátt fyrir þessar áskoranir tókst að halda nánast sama fjölda innlagna og á árinu áður. Það dró úr áhrifum Covid-19 eftir því sem leið á árið 2022 en vegna fjárskorts sem er a.m.k að hluta tilkominn vegna aukinnar þjónustubarfar í lyfjameðferð við óþióíðafíkn sem veitt er frá göngudeild Vogs, hefur ekki verið unnt að opna aftur öll rúm á sjúkrahúsinu

Fjöldi innritana og einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu 2011-2022




Í mestu sóttvarnartakmörkunum vegna Covid 2020 fækkaði fyrstu komu einstaklingum. Árið 2022 eru þeir aftur færri en fyrir Covid.

Hlutfall þeirra sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog, af öllum einstaklingum




Samanburður á aldursdreifingu þeirra sem koma í fyrstu meðferð á Vog sýnir að enn fækkar mikið í yngstu aldursflokkunum. Einstaklingar sem koma í fyrsta skipti og aldurshópurinn 25 ára og yngri hefur forgang að meðferð og þarf ekki að bíða eftir innlögn. Þó einstaklingar 25 ára og yngri séu færri, eru þeir sem koma veikari og hlutfall þeirra sem nota óþjófá 25 ára og yngri hefur aukist um 300% frá 2014.

Aldursdreifing einstaklinga sem koma í fyrstu meðferð á Vog. Samanburður 2022 og meðaltalsfjölda 2017 -2019




Sú þróun sem orðið hefur í notkun ópíóíða á síðust árum hefur mikil áhrif á starfsemi sjúkrahússins. Hærra hlutfall þeirra sem leggjast inn hafa notað ópíóíða og sífellt fleiri þurfa að fá lyfjameðferð við ópíóíðafíkn sem veitt er frá göngudeild Vogs. Þjónustusamningar vegna hennar eru verulega vanfjármagnaðir og dregur því til sín fagfólk og sjálfsaflafé SÁÁ sem áður hefur verið unnt að nýta í aðra þjónustu.

Þróun ópíóíðavanda á Sjúkrahúsinu Vogu frá 2000-2022




Ópíóíðagreining meðal einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu. Samningur við SÍ er frá 2014




Vandi þeirra sem að leggjast inn á Vog er alvarlegur, neysla ópíóíða er vaxandi og vandi af áfengisdrykkju fer síst minnkandi. Blikur eru á lofti í því efnahagslega umhverfi sem SÁÁ rekur heilbrigðisþjónustu sína í. Á síðasta ári runnu yfir 350 m.kr af sjálfsaflafé samtakanna til að greiða niður þjónustu sem samtökin veita samkvæmt þjónustusamningum við ríkið. Þjónustusamningarnir ná yfir stærstan hluta heilbrigðisþjónustunnar, en eru úreltir, vanfjármagnaðir og duga hvergi nærri til að nýta alla afkastagetu þeirrar aðstöðu, mannauðs og þekkingar sem SÁÁ býr yfir. Á sama tíma virðast yfirvöld og samfélagið keppast við að auka aðgengi að vímuegðum. Það er knýjandi að endurskoða og bæta þjónustusamninga til að tryggja að aðgengi að meðferð.

Fjöldi einstaklinga á ári sem fengu lyfjameðferð við ópíóíðafíkn



Hlutfall einstaklinga með áfengisgreiningu sem koma á sjúkrahúsið Vog




Niðurstöður gæðavísa 2022

1. Aðgengi og biðtími eftir þjónustu

Á sjúkrahúsinu Vogu voru opin rúm fyrir 50 sjúklinga á árinu 2022. Innlagnir voru 6-7 á dag, alla daga ársins og náði þjónustan til einstaklinga frá öllum landshlutum. Alls bárust 2755 innlagnarbeiðnir á árinu 2022

Innlagnarbeiðnir sem bárust árið 2022




Við innköllun gilda eftirfarandi leiðbeiningar um forgangsröðun beiðna:

- Þeir sem hafa ekki verið áður í sjúkrahúsinu Vogí, fá strax við gerð beiðnar, næsta lausa tíma í innlögn.
- Endurkomu einstaklingar sem ekki hafa verið á sjúkrahúsinu Vogí síðustu 8-10 ár, fá strax við gerð beiðnar, næsta lausa tíma í innlögn.
- Ungmenni 25 ára og yngri eru alla jafna í forgangi og fá strax innlagnardag. Markmiðið er innan 10 daga, en stýrist af innlagnarteymi Ungmennameðferðar. Biðtími umfram 2 vikur hjá þessum hópi skýrist af eigin óskum skjólstæðings um innlagnardag.
- Þverfaglegur innlagnarfundur tekur afstöðu til beiðna um flýtiinnlagnir sem koma m.a. vegna barnaverndarmála, líkamlegra veikinda, samhengis við aðrar sjúkrastofnanir eða annarra velferðarmála.


Greining á biðtíma á beiðnum sem bárust 1.1.2022-31.12.2022: 74% allra beiðna fá innlagnardagsetningu innan 90 daga.

Biðtími eftir innlögn 2022 (N=2072)



Við árslok 2022 voru 123 beiðnir sem borist höfðu á árinu enn ekki með innlagnardagsetningu („Beiðni í ferli“). Biðtími þeirra einstaklinga sem þessar beiðnir eiga m.v 31.12.2022 var eftirfarandi:

Biðtími hjá einstaklingum með „Beiðni í ferli“ við árslok 2022




Um 70% þeirra beiðna sem ekki höfðu fengið innlagnardag voru yngri en 90 daga, 1% hafði beiðið lengur en 6 mánuði. Biðtími hefur lengst eftir meðferð, enda færri rúm opin á árunum 2020-2022. Á árunum 2017-2021 voru 97% beiðna með innlagnardag innan 90 daga, samanborið við 74% nú. SÁÁ hefur gripið til aðgerða á síðustu tveimur árum til þess að fækka á biðlistum og stýra betur aðgengi að innliggjandi meðferð. Komið var á fót sambærilegu meðferðarúrræði í göngudeild (Grunnmeðferð) sem hentar þeim sem ekki þurfa innliggjandi afeitrun. Þessi aðgerð hefur skilað þeim árangri að beiðnum um innlögn hefur fækkað og enn næst að halda biðtíma eftir innlögn innan 90 daga viðmiðsins fyrir meirihluta skjólstaðinga.

2. Innlagnir og endurkomutíðni


Innlagnir á árinu 2022 voru 1872 fyrir 1456 einstaklinga, þar af 435 í sinni fyrstu innlögn á Vog. Þetta eru svo keimlíkar tölur og árinu áður að ekki er hægt að greina neina breytingu að ráði milli ára (2021; 1862/1457 þarf af 472 í fyrstu komu)

Ef skoðaðar eru endurkomur innan árs er lítil breyting milli ára. Endurkomutíðni innan árs hjá fyrstu komu einstaklingum er svipuð, en á uppleið hjá hópnum í heild

Hlutfall einstaklinga í endurkomu á sjúkrahúsið Vog




Hlutfall þeirra sem koma í fyrsta sinn á sjúkrahúsið Vog, af öllum einstaklingum




Aukningin sem við sjáum í neyslu ópíóíða hefur áhrif á endurkomutíðni þar sem einstaklingar með þann alvarlega vanda þurftu meiri þjónustu og tíðari endurkomur en aðrir á árinu 2022

Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum 2022




Hjá ungmennum 25 ára og yngri endurspeglar þessi gæðavísir þróunina sem við sjáum í fækkun í yngstu aldurshópnum. Færri koma í fyrsta sinn en áður, en hlutfallslegum endurinnlögnum innan sama árs fjölga. Þótt einstaklingum í yngsta aldurshópnum fækki, eru þeir veikari sem koma og þurfa meiri þjónustu.


Hlutfall fyrstu komu af öllum 25 ára og yngri einstaklingum á sjúkrahúsinu Vogu



Endurinnlagnir eftir vímuefnagreiningum, 25 ára og yngri




Hlutfall endurkomu einstaklingar af öllum 25 ára og yngri á sjúkrahúsinu Vogu



Endurkomur eru eðlilegur hluti af bataferli þeirra sem eru með langvinnan alvarlegan sjúkdóm líkt og fíknsjúdóm. Tæplega 80% þeirra sem hafa komið til meðferðar á sjúkrahúsið Vog frá 1977, hafa aðeins komið 1-3 sinnum.

Tíðni innlagna yfir hjá núlifandi einstaklingum sem hafa komið á Vog 1977-2022




3. Ótímabær lok meðferðar

Meðferðin á sjúkrahúsinu Vogu leggur áherslu á fiknsjúkdóm sem margþátta sjúkdóm sem hægt er að meðhöndla. Hún er byggð á læknisfræðilegum greiningum, afeitrun með fagfólki, lyfjameðferð og einstaklingshæfðri sálfélagslegri meðferð sem hefst samhliða fráhrarfsmeðferð. Að baki meðferðinni standa áfengis- og vímuefnaráðgjafar sem meta meðferðarþörf og aðstæður hvers og eins í viðtölum og stýra hópmeðferð, sálfræðingar sem meta sálfræðilega stöðu og leggja til leiðir til bata, lækna sem meta lyfjaþörf vegna fráhrarfa og annarra líkamlegra jafnt sem geðrænna kvilla, og hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sem veita öllum aðhlyningu eftir þörfum.

Innlögn á Vog miðast við 10 daga en getur verið bæði lengri eða styttri í samráði við fagfólk sjúkrahússins og er þá metin út frá þörf og markmiðum einstaklingsins.

Ótímabær lok meðferðar miðast við að meðferð hafi lokið án þessa samráðs. Líkt og síðustu ár ljúka 8 af hverjum 10 sjúklingum meðferð á Vogu í samráði.

Ótímabær lok meðferðar - allir



4. Atvikaskráning


Óvænt atvik sem verða á sjúkrahúsinu Vogu eru skráð og tilkynnt til Embættis landlæknis tvisvar sinnum á ári. Með óvæntu atviki er átt við óhappatvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Slík skráning er mikilvægur þáttur í að efla öryggi og tryggja að brugðist vé við óvæntum atvikum kerfisbundið og með einleitum hætti.

Alvarleg óvænt atvik á við ef atvikið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, s.s dauða eða varanlegum örkuðum.

Eitt **alvarlegt óvænt atvik** varð á sjúkrahúsinu Vogu 2022 sem leiddi til andláts inniliggjandi sjúklings. Var það tilkynnt lögum samkvæmt til Embættis landlæknis og lögreglu. Niðurstaða rannsóknar Embætti landlæknis að **ekki** hafi verið um að ræða atvik sem hægt var að sjá fyrir og þar með koma í veg fyrir. Engar tillögur að úrbótum í starfsemi SÁÁ að Vogu voru því gerðar vegna þessa atviks.

Atvikaskráning:

Atvikaskráning



5. Þjónustukönnun

Gerð er þjónustukönnun árlega á sjúkrahúsinu Vogu og eru niðurstöður hennar birtar á heimasíðu sáá og notaðar í umbótastarfi.

6. Gæða og umbótastarf

Á árinu 2022 var sett mikil umbótavinna af stað í vinnslu og birtingu starfsemissupplýsinga. Starfsemissupplýsingar eru nú unnar í PowerBi og miðlað með skilvirkari hætti innanhúss og til utanaðkomandi hagaðila. Með tilkomu PowerBi er unnt að fylgjast með starfsemissupplýsingum með reglubundnari hætti og fylgjast með þróun t.d milli ársfjórðunga og í mismunandi þáttum starfseminnar.

Umbótaverkefni sem sett voru af stað í kjölfar þjónustukannana 2021 voru mýmörg á árinu 2022 og má þar nefna umbætur á samsetningu matseðla og úrvali í mötuneyti, fataskápar og myrkunartjöld í svefnrymum sjúklinga og hætt var með sjúklingasloppa.

Farið var í stefnumótunarvinnu á árinu 2022 ásamt starfsmönnum og myndaður umbótahópur um endurskoðun verkferla með því markmiði að útbúa heildstæða rafræna gæðahandbók.